

## EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 24/7-25/7 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 15

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína  
Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

**Tilgangur eftirlits:** Lega línuveggar með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða.

**Staða verks:** Skoðaður frágangur við möstur 37 og 36. Farið yfir hugmyndir um frágang slóða. Lögð áhersla á að fjarlægja eigi rastir og grjóthnullunga úr köntum og móta slóðina. Farið yfir mögulega sáningu með Landgræðslunni, sem benti á að tíðarfar ráði í raun hvenær best sé að sá rýgresi. Einnig sagði hann að hugmyndir væru uppi um uppgræðslu á framkvæmdasvæðinu. Þannig að einstaka möstur gætu verið hluti stærra uppgræðslusvæðis. Rætt var um frágang plógfars og taldi Landgræðslan að úr því sem komið er væri líklega best að bíða með lagfæringar fram á haust því betra væri að meðhöndla torfurnar blautar.

**Ábendingar:** Á kaflanum frá Leirhnúkshrauni að m-36 ætti að sá eins fljótt og kostur er einærum grastegundum í skeringar sem teknar hafa verið í mjög fínefnaríka mold. Þar sem þarna gæti verið hætt á uppblæstri. Leggja áherslu á að fjarlægja rastir og stórgrýti úr köntum. Þetta mætti framkvæmda með nokkuð fljótvirkum hætti ef notuð er hjólagrafa og vörubíll.

Eftirlitsmaður mun hafa samband við Umhverfisstofnun þegar frágangur hefst eða þegar ástæða þykir til.

**Frávik:**

**Niðurstaða eftirlits:** Námur eru ófrágengnar sem og loka snyrting línuveggar. Umgengni verktaka er góð.

**Fylgiskjöl:**

---

Björn Stefánsson

---

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.